

Tálknafjarðarhreppur
Skipulagsfulltrúi
Miðtúni 1
460 Tálknafirði



Reykjavík 24. júní 2016
UST201605-047/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006 - 2018.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps er barst 4. maí þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu breytingu aðalskipulags Tálknafjarðar 2006 - 2018

Í lýsingu kemur fram að áætluð er breyting á jaðarsvæðum í þéttbýli Tálknafjarðar, þ.e. hlíðar ofan byggðar, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði verða skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota í staðinn fyrir óbyggð svæði. Einnig kemur fram að fyrirhuguð er stækken hafnarsvæðis á Tálknafirði, en aukin umsvif skapa aukna eftirspurn eftir lóðum á hafnarsvæði sem kallar á stækken hafnarsvæðis og aukna landfyllingu.

Eins og fram kemur í lýsingu, fellur ofangreind skipulagstillaga undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem áætluð er uppfylling 5 ha að stærð eða stærri ásamt ofanflóðavörnum.

Umhverfisstofnun tekur undir það að helstu umhverfisáhrif verða vegna efnisnáms til gerðar varnarmannvirkja og fyllingar í höfninni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í breytingartillögu komi fram hvaða efnistökusvæði verða notuð og umfang framkvæmda.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sverrir Áðalsteinn Jónsson
Sérfræðingur